

Dæmdur frá lífi á alþingi fyrir galdrabrukun [Klemus Bjarnason](#) úr Steingrímsfirði; meðkenndi sig brúkað hafa töfravers yfir fé sínu. Ekki var lagt á hann lífsstraff og látinn aptur í vöktun sýslumannsins í Strandasýslu; sat hann þar til næsta árs.

Áburður (að Mýrum í Dýrafirði) séra Bjarna Brynjólfssonar á Guðmund Jónsson og Ketil Brandsson með lítilfjörlegum líkindum. Þeim dæmdir eiðar í héraði.